# Kennsluáætlun 2024-2025

## 10. bekkur – Enska

URRIÐAHOLTSSKÓLI

Kennari: Felix E. Woelflin

| | **Lýsing** |
|---|---|
| **Námsgöng** | Spotlight 10 – Nemendabók og Verkefnabók. Efni unnið af kennurum. Greinar frá mismunandi miðlum. Bókmenntabækur. Annað efni |
| **Kennsluaðferðir** | Kennslustundirnar verða skipulagðar með þrjú meginmarkmið í huga: málfræði, orðaforði og lesskilningur. Nemendur vinna verkefni í gegnum kynningar, erindi og umræður, ritunaræfingar, hlustunaræfingar, upplestraræfingar og fleiri aðferðir sem ýta undir sjálfstæð vinnubrögð. |
| **Hæfniviðmið** | • Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.<br>• Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.<br>• Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>• Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.<br>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.<br>• Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.<br>• Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við<br>• Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.<br>• Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.<br>• Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. |

| | |
|---|---|
| | • Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.<br>• Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. |
| **Námsmat** | Námsmat byggist fyrst og fremst á símati í gegnum verkefnaskil og kynningar. Ekki er aðeins lokaafurðin metin heldur líka ferlið og vinna meðal nemenda.<br>• Hæfnieinkunn: (A-D) |

| **Tímabil** | **Náms og viðfangsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| Sept – Okt - Nóv | • Spotlight 10:<br>Unit 1: Growing Up<br>Unit 2: Ireland<br>• Orðaforði: Hefti frá kennara<br>• Lestur: „Go ask Alice“ eftir Anonymous | • Kynningar<br>• Símat<br>• Verkefnaskil<br>• Próf |
| - Des - Jan – Feb | • Spotlight 10:<br>Unit 3: A Sense of Fear<br>Unit 4: Voice of English<br>• Orðaforði: Hefti frá kennara<br>• Lestur: Skáldsaga sem verður kynnt seinna | • Kynningar<br>• Símat<br>• Verkefnaskil<br>• Próf |
| Mars – Apr - Maí | • Spotlight 10:<br>Unit 5: Fame – A Treacherous Thing<br>Unit 6: South Africa<br>Unit 7: Dead or Alive?<br>• Orðaforði: Hefti frá kennara<br>• Lestur: Skáldsaga sem verður kynnt seinna | • Kynningar<br>• Símat<br>• Verkefnaskil<br>• Próf |